

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Stykkishólmsbæ

1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar í Stykkishólmsbæ, til að standa undir kostnaði, er sem hér segir:

A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis greiðist þjónustugjald:

Sorphirðu- og förgunargjald kr. 49.600

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjald fyrir móttöku úrgangs sem komið er með til söfnunarstöðvar:

Meðhöndlun	kr. með vsk.
<i>Tímavinna við flokkun og frágang</i>	3.753
<i>Vigtunargjald</i>	1.853
<i>Vigtunargjald utan opnunartíma</i>	10.079
Óflokkað	kr./kg með vsk.
<i>Grófur óflokkaður úrgangur</i>	31,0
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, timbur, steinefni og gler.	
<i>Blandaður úrgangur</i>	23,00
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.	
Flokkað	kr./kg með vsk.
<i>Timbur</i>	23,0
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	
<i>Timbur</i>	12,50
Hreint, ekki litað eða fúavarið	
<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	23,00
<i>Lífrænn úrgangur til jarðgerðar</i>	12,50
<i>Heimilistæki o.fl.</i>	23,00
<i>Gras án aðskotahluta</i>	5,40
<i>Húsbúnaður, fatnaður o.fl. til endurnotkunar</i>	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Plast til endurvinnslu</i>	

Gjaldskrá vegna spilliefna og spilliefnamengaðs úrgangs o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki

lagt á:

	kr./kg með vsk.
<i>Olíusúr</i>	128,40
<i>Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvístur o.fl.</i>	219,00
<i>Lífræn spilliefni með halógenum og/eða brennisteini s.s. ýmis PCB úrgangur</i>	1.006,00
<i>Lífræn spilliefni án halógens og brennisteins</i>	
<i>Lífræn efni: Etylenglýkól, frostlögur, prýlenglýkól, ediksýra, lífrænar sýrur, asfalt, amín, lífræn sölt, polyól og tekstyl.</i>	278,00
<i>Málning vatnsblönduð og önnur ótalin eftirlitsskyld spilliefni</i>	77,30
<i>Kvikasilfursmengaður úrgangur</i>	716,60
<i>Oxandi og gasmyndandi efni</i>	1.086,60
<i>Ólífræn spilliefni s.s. brennisteinssýra, saltsýra, fosfórsýra, flúorsýra, krómsýra, málmhreinsisýrur, lútur, basísk affitunarböð með cyaníði, galvanhúðunarböð, herðisölt, natríum hydroxíð, fljótandi hýpólórít, málmhydroxíðleðja, ólífræn sölt</i>	480,40
<i>Ýmis spilliefni s.s. lyf, sprautunálar, flugeldar, polyúretan úðabrúsa</i>	
<i>Úrgangur sem þarfnast efnagreiningar</i>	480,40
<i>Umbúðir spilliefnamerktar/spilliefnamengaðar > 100 l</i>	7.317,40
<i>Umbúðir spilliefnamerktar/spilliefnamengaðar < 100 l</i>	1.830,40
<i>Gagnaeyðing</i>	137,30

4.gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgagnshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða geri grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstöku tilfalli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

Íbúar sveitarfélagsins geta afhent allt að 50 kg af forflokkuðum úrgangi samtals á mánuði án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

5.gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustupætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

6.gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1 gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokaml. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

7.gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þann 13. desember 2018, að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og með stoð í 5 gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Stykkishólmsbæ, nr. 50, sbr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum, og 11 gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu nr.

Lagt fram til fyrri umræðu í nóvember 2018
F.h. bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar,
Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri.
